

138. löggjafarþing 2009–2010.  
Þskj. 97 — 95. mál.

## Fyrirspurn

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um gerð samninga um flutning dæmdra manna.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hafa verið gerðir samningar við önnur ríki á grundvelli samnings Evrópuráðsins um flutning dæmdra manna til heimalands síns?
2. Stendur til að gera slíka samninga á næstunni og ef svo er, hvenær?